

# Jafnlaunamarkmið Snæfellsbæjar

Snæfellsbær hefur það að markmiði að allir starfsmenn, óháð kyni, fái jöfn tækifæri til starfsþróunar og framgangs í starfi og kynbundinn launamunur sé ekki fyrir hendi. Jafnframt að starfsmenn fá sanngjarna umbun fyrir vinnu sína og sé ekki mismunað varðandi kröfur um vinnuframlag, svo sem yfirvinnu, óháð kyni.

Snæfellsbær hefur það að markmiði að launamunur dagvinnulauna milli kynja skuli að jafnaði vera innan við 2%. Ef greining leiðir óútskýrðan launamun í ljós, skal innan 6 mánaða frá greiningu bregðast við því og fyrir ef unnt er.

## Leiðir að markmiðum

- Launa- og jafnlaunastefna Snæfellsbæjar er öllum starfsmönnum kunn, aðgengileg og ávallt fylgt í hvítvetna;
- Launagreiningar eru framkvæmdar samkvæmt áætlunum og verkferlum, sem og rýni stjórnenda og áætlaðar innri úttektir. Brugðist er við öllum frábrigðum samkvæmt verkferlum;
- Leiði launagreiningar í ljós óútskýranlegan launamun milli kynja verður slíkt leiðrétt eins fljótt og unnt er og eigi síðar en innan 6 mánaða.
- Niðurstöður geta einnig leitt til endurskoðunar á starfslýsingum.
- Stofnunin mun gera sér far um að jafna hlutfall kynja innan þeirra starfahópa þar sem mjög hallar á annað kynið, t.a.m. með því að höfða sérstaklega til kyns í minnihluta í starfsauglýsingum (sbr. 5. mgr. 19. gr. laga 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna).

## Ábyrgð

Launafulltrúi, bæjarritari og bæjarstjóri bera ábyrgð á launasetningu starfsmanna í samráði við forstöðumenn, framkvæmd launagreininga, rýni þeirra, kynningu fyrir starfsmönnum og gerð viðbragðs-/úrbótaáætlunar.

*Samþykkt á 356. fundi bæjarstjórnar þann 31. mars 2022.*